



Borgin sterkari með nýjum spítala 4



Við verðum stolt af nýja spítalanum 7



Nýi spítalinn eykur öryggið 8

08 | 04 | 2021

NÝR LANDSPÍTALI



Hringbrautar verkefnið



Uppbygging nýja þjóðarsjúkrahússins á fullri siglingu

„Við sjáum nú byggingar, sem breyta algjörlega forsendum Landspítala, rísa,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra 2

Framúrskarandi þjónusta veitt í flaggskipi heilbrigðisþjónustunnar

Heilbrigðisráðherra segir uppbyggingu nýja Landspítala á fullri siglingu. Ekkert fjárfestingarverkefni ríkisstjórnarinnar sé stærra á þessu ári. Nýi spítalinn sé eitt helsta áhersluverkefni hennar í embætti.

Við sjáum nú byggingar sem breyta algjörlega forsendum Landspítala rísa. Öll þjónusta verður á einum stað. Við erum að tala um allt að 600 legurými í heildarskipulagi spítalans og stoðkerfi við þau innan seilingar. Það skiptir miklu máli; ekki aðeins fyrir sjúklinga heldur einnig aðstandendur og starfsmenn,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

„Allt á einum stað og hugsað sem ein heild,“ segir Svandís. Einnig að þótt unnið sé að þarfa greiningu fyrir heilbrigðisþjónustuna og þær byggingar sem nú eru nýttar sé þegar hugsað til framtíðar. Það sjáist til að mynda með aukinni göngudeildarþjónustu við Eiríksögötu til viðbótar við þá sem rísi.

Þjónusta eins og best gerist

„En meðferðarkjarninn er stóra skrefið sem snýst um að koma þessu flaggskipi íslenskrar heilbrigðisþjónustu í nútímalegt húsnæði. Það skiptir máli fyrir þjónustuna, sem verður sambærileg við það sem best gerist.“

Svandís segir mestu skipta núna að ljúka framkvæmdunum og koma starfsemi fyrir. „Við erum að tala um fjárveitingar af allt annarri stærðargráðu en annað um þessar mundir. Við veitum 12 milljarða af fjárlögum ársins 2021 til nýs spítala. Verkefnið er á fullri siglingu.“

Svandís segir það eitt áhersluverkefna ríkisstjórnarinnar að koma spítalanum á raunverulegt og öflugt framkvæmdastig. „Það er efst á blaði að setja fullan kraft í þessa framkvæmd. Ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um það og mér finnst vera almenn-

ur stuðningur, bæði í samfélaginu og á þinginu, við að þessari starfsemi sé búið nútímaleg aðstaða. Uppbyggingin hefur því verið eitt af stærstu verkefnum mínum í starfi.“

Skýrsla um gömlu húsin í haust

Svandís segir að í nýjum heilbrigðis-lögum sé skýrt hver veiti þjónustuna hverju sinni. „Með því að styrkja heilsugæsluna verður hlutverk Landspítala fyrst og fremst að veita sérhæfða heilbrigðisþjónustu, svokallaða 3. stigs þjónustu, þegar önnur er fullreynd,“ segir hún og að



Ljósmynd/aðsend

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra með Gunnari Svavarssyni framkvæmdastjóra NLSH ohf., síðasta sumar.

skoða þurfi spítalann til framtíðar. Það eigi að skýrast þegar líður á haustið hvaða eldri byggingar spítalans nýtist áfram. „Við gerum ráð fyrir að skýrslu verði skilað í haust.“

Hún segir skipta máli að nýi spítalinn kallist á við bæði heilbrigðisstefnuna og eldri byggingar spítalans. „Þetta helst allt í hendur: Heilbrigðisstefnan, framtíðarsýnin og ákvarðanir um hvernig nýta eigi

eldra húsnæði á lóðinni. Þetta verður ennþá skýrara eftir því sem líður á árið,“ segir hún. Ánægjulegt og spennandi sé að sjá kraftinn í verkefni þeirri við Hringbraut.

„Ég vil þakka öllum þeim sem hafa sett hjarta og starfsorku í verkefnið. Margt fólk hefur lagt sitt af mörkum. Starfsfólk Landspítala hefur gert sitt til að ýta verkefni þeirri vör. Líka öll þau á NLSH ohf. sem

sjá um utanumhaldið og ekki síst grasrótarsamtök, sem hafa gert sitt til að draumur mætti rætast.“ Það sé ánægjulegt hve margir hafa lagt hönd á plóg.

„Það er mikilvægt að halda uppbyggingunni á fullri siglingu áfram til að Landspítali fái sem fyrst notið sterkrar umgjörðar í nýjum byggingum við Hringbraut og ég mun leggja áherslu á það áfram.“

Spítalinn þolir stærstu jarðskjálfta svæðisins

Meðferðarkjarninn sem nú rís við Hringbraut er hannaður til að standa fullstarfhæfur eftir stærstu jarðskjálfta.

Helsta hönnunarviðmiðið er að nýi meðferðarkjarninn verði starfhæfur eftir stærstu skjálfta sem talið er að geti orðið á þessu svæði,“ segir Eysteinn Einarsson, byggingarstjóri meðferðarkjarna og staðarverkfræðingur NLSH ohf.

„Horft er til jarðskjálfta sem verða við Bláföll og Brennisteinsfjöll og svæðið þar í kring því þeir hafa mest áhrif á Hringbrautarsvæðið,“ segir Eysteinn og að miðað sé við að slíkir skjálftar geti verið á bilinu 6 til 7 á Richter.

„Það má í raun ekkert skemmast. Öll tæknikerfi, innveggir, útveggir og allt annað þarf að standa í stað við skjálfta. Þá má búnaður, eins og skurðtæki og önnur slík, ekki verða fyrir tjóni.“ Þetta kalli ekki aðeins á öflugra burðarvirki, heldur þurfi að festa allan búnað rétt niður og tryggja að hann þoli hreyfingar mannvirkisins í jarðskjálfta.

„Passa þarf að búnaður og tæki fari ekki af stað og skemmist eða valdi slysum á fólki,“ segir hann. „Einnig að allir smáir munir; eins



Ljósmynd/gag

Eysteinn Einarsson, staðarverkfræðingur NLSH, segir ekkert mega skemmast á spítalanum þótt það verði stór jarðskjálfti. Allt þurfi að standa í stað við skjálfta.

og myndir og hlutir í hillum fari ekki af stað í skjálfta. Ekki er aðeins hugað að því að byggingin standi jarðskjálfta af sér heldur eru einnig gerðar miklar kröfur um að sem allra minnstur titringur sé í öllum gölfum þar sem starfsemi er viðkvæm fyrir honum.“

Eysteinn segir stefnt að því að ljúka við að steypa nýja Landspítala seinni hluta októbermánaðar 2023. Fyrirtækið Eykt sjái um uppsteypuna í grunninum sem ÍAV hafi grafið. Nýi meðferðarkjarninn sé sex hæðir, ofan götu, auk tveggja kjallara. Eysteinn segir ekki búð að

þjóða út aðra verkþætti en uppsteypuna. Það sé í undirbúningi.

„Meðferðarkjarninn hýsir flókna og margbreytilega hátæknistarfsemi sem er í stöðugri og hraðri þróun. Því er gert ráð fyrir sveigjanleika í húsnæðinu,“ segir hann. „Þarfnar eru því stöðugt að breytast. Þetta er einstakt mannvirki hér á Íslandi.“

Hönnuðir og ráðgjafar séu margir: Corpus3 sem samanstandi af fjórum fyrirtækjum; Hornsteinum, Basalt, VSÓ Ráðgjöf og Lotu. Þá séu margir undirráðgjafar sem komi að hönnun meðferðarkjarnans, m.a. Buro Happold Engineering.



Ljósmyndir/gag

Stærsta manngerða hola Íslandssögunnar?

Margir hafa velt því fyrir sér hvort grunnurinn að nýja meðferðarkjarninum megi teljast stærsta manngerða hola á landinu. Það er rétt, fullyrða sérfræðingarnir sem

vinna að uppbyggingu spítalans. Nýi meðferðarkjarninn verður 70.000 fermetrar. Í honum eru 11.000 tonn af bendistáli og 52.000 m³ af steypu.



Stærsta beina fjárfestingarverkefni ríkisins frá upphafi

„Hvert á hlutverk Landspítala að vera til framtíðar? Hvaða hús á að nota? Hvaða þjónustu á að veita? Það er hlutverk okkar í stýrihópnum að finna út úr því,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, fv. alþingismaður, sem fer fyrir stýrihópi sem heldur utan um heildarstarfsemi Landspítala.

Nýi meðferðarkjarninn og starfsemin í kringum hann er stærsta framkvæmd ríkisins frá upphafi,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður stýrihóps sem heilbrigðisráðherra skipaði í maí 2019. Hún segir því afar brýnt að passa yfirsýnina því í svona stóru verkefni séu milljarðarnir fljóttir að fara. „Við stöndum vörð um almannafé.“

Höpurinn sem Unnur Brá stýrir heldur utan um skipulag framkvæmda við Landspítala í heild sinni og mun vinna eftir þarfagreiningu á þeirri þjónustu sem heilbrigðiskerfið á að veita í framtíðinni.

„Þarfagreiningin mun segja okkur hvað við þurfum að gera í viðbót við nýjan meðferðarkjarna og rannsóknahús til að geta uppfyllt þá heilbrigðisþjónustu sem við viljum

veita,“ segir Unnur Brá. Stefnt sé að því að greiningin verði tilbúin á þessu ári, en það mun ekki raska neinu um það sem nú er unnið að við uppbyggingu á Hringbraut.

„Ramma á inn hvernig spítala við ætlum að reka á Íslandi. Hvernig heilbrigðisþjónustan muni þróast. Hvaða tækni verður í boði og hvernig Landspítalinn ætlar að aðlagst breyttum heimi,“ segir hún. Einnig hvar eigi að veita þjónustuna, hverjir veiti hana og hvernig. Við þarfagreininguna sé einnig skoðað hvaða hús eigi að byggja, hverjum að halda og hver henti ekki undir starfsemi.

Erlendir sérfræðingar koma að vinnunni. „Þar reynir á að spá fyrir um það hvernig þjóðin verður samsett eftir nokkur ár. Við þurfum öðruvísi Landspítala en þurfti fyrir 40 árum,“ segir hún og að heilbrigð-



Morgunblaðið/Egbert

Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður stýrihóps um skipulag framkvæmda við Landspítala.

„Þarfagreiningin mun segja okkur hvað við þurfum að gera í viðbót við nýjan meðferðarkjarna og rannsóknahús til að geta uppfyllt þá heilbrigðisþjónustu sem við viljum veita.“

isráðuneytið skilgreini nú forsendurnar.

„Við munum skipuleggja hlutverk Landspítala til framtíðar. Þá getum við áttað okkur á því hvaða meginforsemdur liggja til grundvallar fyrir Landspítala í heild.“ Segja má að stýrihópurinn sé heilinn á bak við verkið. Brú milli stofnana og ráðuneyta.

„Það koma svo margir að uppbyggingunni; heilbrigðisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, framkvæmdafélagið NLSH ohf. og svo Landspítali, sem verður að vera með í undirbúningnum,“ segir hún. „Við pössum að allir geri eins vel og hægt er og komum í veg fyrir tvíverknað. Við erum stefnumörkunar-, samráðs- og samþæfingarvettvangur.“

Unnur Brá segir verkefnið bæði spennandi og skemmtilegt og það kalli á samstarf. „Það er alltaf flókið að sætta sjónarmið en á meðan allir muna að við vinnum að sama markmiði, vinnum að góðu umhverfi og þjónustu fyrir landsmenn, þá gengur þetta vel.“

Stýrihópurinn fundar á tveggja vikna fresti. „Þegar þarfagreiningin liggur fyrir er hægt að fara að átta sig á hvaða ákvarðanir þarf að taka,“ segir Unnur Brá. „Við viljum fá góða niðurstöðu og nýta peningana vel.“

Hágæðaeinangrunardeild gegn smitsjúkdómum á nýja spítalanum

Hönnun nýja meðferðarkjarnans sem rís við Landspítala hefur verið yfirfarin með tilliti til Covid-19. Sérstök smitsjúkdómadeild verður á nýja spítalanum og innan hennar er hástigseinangrunardeild.

Nú í Covid höfum við yfirfarið alla hönnun nýja spítalans. Við skoðuðum hvernig við gætum brugðist við heimsfaraldri í þessu nýja húsi og getum með stolti sagt að heildarhugsun hönnunarinnar hélt,“ segir Rannveig Rúnarsdóttir verkefnastjóri, sem situr í verkefnastjórn LSH vegna Hringbrautarverkefnisins. „Við höfum meðferðarkjarna á heimsmælikvarða í höndunum.“

Ásdís Ingbórsdóttir, verkefnastjóri hjá NLSH, segir að í nýja meðferðarkjarnanum verði sérstök smitsjúkdómadeild og innan hennar hástigseinangrunardeild (HLIU – HighLevelIsolationUnit), til að takast á við verstu og illvígustu smitsjúkdóma í heiminum.

„Á sínum tíma var miðað við ebólu og loftborið smit við hönnunina en forsendur þeirrar hönnunar geta einnig tekið við faraldri eins og Covid-19,“ segir hún.

Nýr spítali hefði hjálpað í Covid

Kolbrún Gísladóttir, gæðastjóri hjá LSH, segir hönnun nýja meðferðarkjarnans auðveldar sýkingavarnir mjög frá því sem nú er. „Ef við horfum á það hvernig faraldurinn lék fólk á Landakoti sjáum við að húsnæði getur skipt sköpum,“ segir hún. „Nú hönnum við hús þar sem hugað er að þessum þáttum.“

Ásdís segir að hefði nýi meðferðarkjarninn verið risinn hefði ekki þurft að fara í þær miklu breytingar sem ráðist hafi verið í á núverandi húsnæði. „Við hefðum ekki þurft að breyta vöknun í gjörgæslu, færa fólk á milli og setja upp milliveggi úr plasti,“ segir hún. Ásdís bendir þó á að stigið sé varlega til jarðar við breytingar á nýja meðferðarkjarnanum.

„Við kolvörpum ekki teikningunum fyrir heimsfaraldur sem verður kannski einu sinni á öld. Spítalinn þarf að virka sem best í eðlilegu árferði.“ Nýja þjóðarsjúkrahúsið verði bylting frá því sem nú er.

Ásdís bendir á umfang uppbyggingarinnar. „Ég segi eins og Dorrit fyrirverandi forsetafrú: Þetta er „stórasta“ verkefnið á Íslandi þessa dagana. Það er einnig það flóknasta. Það er margt í verkefninu sem við erum að gera í fyrsta sinn á Íslandi,“ segir hún.



Ljósmynd/gag

Pær Kolbrún og Rannveig frá LSH og Ásdís hjá NLSH starfa allar sem verkefnastjórar vegna Hringbrautarverkefnisins. Þær benda á að uppbygging spítalans sé ein stærsta og flóknasta framkvæmd lands sögunnar.

Máta nýja spítalann

Hundruð starfsmanna Landspítala hafa tekið þátt í að rýna teikningar meðferðarkjarnans, bæði klínískir starfsmenn sem og starfsmenn í ýmiss konar stoðþjónustu.

„Fólkið hefur skoðað ferla þjónustunnar allt niður í það hversu margar skúffur eigi að vera í hverjum skáp,“ segir Ásdís Ingbórsdóttir, verkefnastjóri NLSH við Hringbrautarverkefnið.

Vandað hefur verið til verka við hönnunina á nýja meðferðarkjarnanum við Hringbraut og skoðað hvort hönnunin gangi upp.

„Við höfum gert eins konar eftirlíkingar af rýmum spítalans,“ segir Kolbrún Gísladóttir, gæðastjóri LSH. „Við höfum sett upp veggi, í raunstærð til að máta okkur inn í rýmin og tryggja að þau virki eins og við viljum.“

Bjarni Jónasson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri

Lyftistöng fyrir Ísland

„Nýi meðferðarkjarninn verður lyftistöng fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi,“ segir Bjarni Jónasson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri. „Það skiptir máli að starfa í húsnæði sem uppfyllir nútímakröfur sjúklinga og starfsmanna.“

Bjarni sér einnig fram á bættu aðstöðu á sjúkrahúsinu fyrir norðan. Ný legudeildarbygging verður reist og leysir af húsnæði frá árinu 1953 innan fimm ára. „Rétt eins og fyrir sunnan verða sýkingavarnir og aðbúnaður sjúklinga og starfsmanna betri. Friðhelgi einkalífis á viðkvæmum tíma í lífi fólks verður betur virt.“

Bjarni nefnir að Akureyri sé miðstöð sjúkrarflugs á landinu. „Við sjáum um læknisfræðilega hlutann en allt að 800 sjúkrarflugsferðir eru á ári.“ Þá skipti vegalengdir og aðbúnaður öllu.

„Því fyrir sem sjúklingur fær nauðsynlega lækniþjónustu því betra,“ leggur hann áherslu á.

Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Bíðum spennu eftir nýju húsnæði

„Stórbaett starfsumhverfi í takt við nútímann,“ svarar Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, spurð um væntingar til nýja meðferðarkjarnans.

Guðbjörg segir tilhlökkun í starfsfólki að starfa á nýja spítalanum. „Já, hvort það er. Fólk er búið að bíða svo óskaplega lengi og grínast sumt með að því muni ekki endast starfsævi til að upplifa nýjan spítala. Því miður.“ En nú hillir undir það og spennan magnist. Hún bendir á að um tuttugu ár muni líða frá fyrstu teikningum þar til flutt verði í nýtt hús.

„Það kostar okkur heilmikið fjármagn að vera í ófullbúnu húsnæði og standa í stöðugum endurbótum,“ segir hún. „Uppbyggingin þarf því að vinnast hratt og vel.“



Bjarni Jónasson



Guðbjörg Pálsdóttir

Borgin sterkari með nýjum spítala og vísindin í Vatnsmýrinni

„Við erum að fara að sjá spítala í takt við tímann sem við höfum ekki verið með undanfarinn áratug,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Borgin og lífsgæði íbúa þróast fram á við með nýja spítalanum.

Ég hef verið mjög upptekinn af því hvernig borgin á að þróast til að geta haldið uppi lífsgæðum.

Þekkingarhagkerfið kemur þar mjög sterkt inn,“ segir Dagur og nefnir hvernig uppbygging Landspítala, Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýri og þekkingarstarfsemi í kringum Háskólann í Reykjavík myndi heildarsamhengi í borgarmyndinni.

„Samspil þessara þekkingarstofnana og fyrirtækja; eins og Íslenskrar erfðagreiningar, Alvogen, CCP, Grósku og annarra fyrirtækja sem hafa komið sér fyrir í Vatnsmýri, er afar mikilvægt fyrir borgina. Þróunin heldur lífsgæðum fólksins sem hér býr uppi.“

Kynna Vatnsmýrina erlendis

Dagur segir marga hafa vanmetið þann mikla styrk sem borgin hafi af þessum þekkingarstofnunum svo nálægt hver annarri.

„Við gengum nýlega formlega frá samstarfi borgarinnar, Landspítala, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík um að móta sameiginlega framtíðarsýn að vísindapörpi í Vatnsmýri,“ segir hann. „Við höfum einnig gengið til samstarfs við sömu aðila og Íslandsstofu um markaðssetningu svæðisins til að laða erlend þekkingarfyrirtæki og fjárfestingu inn á þetta svæði. Þannig að framtíðin er björt í þekkingargreinum.“

Vaxtartækifærin séu mörg og borgaryfirvöld skipulega byggð í grennd við þessi mikilvægu svæði. Hann sér fyrir sér lifandi þekkingarborg þar sem fólk þeysist í vinnuna á umhverfisvænan hátt; á rafskútum og hjóllum.

„Framtíðarsýn borgarinnar er að þjóna þessu svæði frábærlega með öflugum almenningsamgöngum.“ Kópavogsbúar geti til að mynda komið yfir Fossvoginn og nánast upp að dyrum spítalans. Aðeins



Ljósmynd/gag

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri skoðaði á dögnum gríðarstóran grunninn að nýjum meðferðarkjarna Landspítala. Hann segir uppsteypu kjarnans langþráða stund. Landsmenn muni eignast spítala í takt við tímann.

„Við verðum að þróa spennandi atvinnutækifæri í Vatnsmýrinni fyrir þekkingarhagkerfið, skapandi greinar, verslun og viðskipti og aðra starfsemi til þess að fólk með hugmyndir, metnað og framtakssemi velji sér stað hér.“

örfáar mínútur taki að ferðast á milli þessara stofnana og fyrirtækja. „Borgarlínan mun binda þetta svæði saman,“ segir hann.

„Það verður jafn lítið mál að fara á milli háskólanna og að spítalanum með borgarlínu og að labba á milli bygginga innan svæðis Háskóla Íslands í dag.“

Standist þeim bestu snúning

Dagur segir metnað í uppbyggingu spítalans þegar hafa skilað ákveðnum árangri. „Við viljum að Landspítali standist bestu spítölunum snúning og við vitum að við höfum mannaúðinn í það,“ segir læknumenntaður borgarstjórninn og nefnir hvernig heilbrigðisstarfsfólk

hafi sótt framhaldsnám erlendis, oft á bestu háskólasjúkrahús í heimi. „Þetta fólk hefur svo komið til baka og myndað mikinn suðupott.“

Hann segir að lokum að Reykjavíkurborg hafi séð uppbyggingu spítalans sem tækifæri til að efla borgina. „Við verðum að þróa spennandi atvinnutækifæri í Vatnsmýrinni fyrir þekkingarhagkerfið, skapandi greinar, verslun og viðskipti og aðra starfsemi til þess að fólk með hugmyndir, metnað og framtakssemi velji sér stað hér,“ segir hann.

„Heildarsýnin er að vera með örugga, heilbrigða lífsgæðaborg sem veitir góða þjónustu. Það er kjarninn í því að búa til góða borg.“

Auknir möguleikar með 5D-tækni

Risastórt framfaraskref er stigið við stjórnun framkvæmda hér á landi með því að nota 5D-tækni í fyrsta sinn. Þetta segir Ásbjörn Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH ohf.

Við horfum á teikningar í þrívídd, 3D, og skoðum þær út frá tíma og kostnaði. Þess vegna köllum við tæknina 5D,“ segir Ásbjörn. Forsvarsmönnum NLSH ohf. hafi fundist mikilvægt að fylgjast með kostnaði og stöðu uppbyggingarinnar í rauntíma. Þannig takist betur að stýra fjárflæðinu í verkinu og stöðunni; hvort verkið haldist á áætlun.

„Undanfarna áratugi hefur áætlanagerð framkvæmdaverka tekið litlum framförum hér á landi. Við ákváðum strax að reyna að breyta þessum kultúr. Við sögðum verktökum því fyrir útboðið í uppsteypuna að þeir myndu koma með okkur í fimm vikna vegferð þar sem unnið yrði saman að áætlanagerðinni,“ segir hann.

Ásbjörn lýsir því hvernig hægt sé að skoða módelið í tölvu, smella á vegg eða gólf í nýja spítalanum og sjá um leið hvaða efnistegundir af steypu, styrkleika, stærðir á járnnum og tegundir stáls sé þar að finna. „Allt er þetta skrifað inn í módelið.“

Ásbjörn segir að eftir leit hafi fundist lausn sem hæfði spítalanum hjá danska fyrirtækinu Exigo A/S. Byggingunni sé svæðisskipt í forritinu, því ógjörningur væri að halda yfirsýn yfir 70 þúsund fermetrana öðruvísi.

„Hér áður skoðuðu menn áætlanagerð ársfjórðungslega en það gerist svo miklið á þremur til sex mánuðum. Við ákváðum að tölurnar yrðu uppfærðar vikulega á meðan spítalinn verður steypdur. Svo hugsanlega endurskoðum við það og uppfærum enn örar.“

Hann segist sannfærður um að þetta fyrirkomulag sé komið til að vera hér á landi. Nú geri NLSH kröfu um það en víða á Norðurlöndunum kjósi verktakar sjálfir þetta vinnufyrirkomulag.



Ljósmynd/gag

Ásbjörn Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH.

111 þúsund fermetrar rísa

Byggingar nýja Landspítala verða um 111 þúsund fermetrar að stærð þegar þær hafa verið reistar. Nýi meðferðarkjarninn er 70 þúsund fm bygging og sú stærsta sem byggð verður innan Hringbrautarverkefnisins, nýja Landspítala.

„Í honum eru 11.000 tonn af bendistáli og 52.000 m² af steypu,“ sagði Ásbjörn Jónsson á samlokufundi Verkfræðingafélags Íslands, Endurmenntunar Háskóla Íslands og Hringbrautarverkefnisins í febrúar.

Auk sjúkrahótelsins sem sé risið norðan við kvennadeild og Barnaspítalann rísi nær tuttugu þúsund fermetra bílastæða- og tæknihús. „Síðan er rannsóknarhúsið 17 þúsund fermetrar og viðbygging Háskólans við Læknagarð sem er nærri 10 þúsund fermetra bygging,“ sagði hann.

„Það er ekkert vit í að gera þetta öðruvísi.“ Vinnulagið sé bylting á utanumhaldi verkefna á Íslandi. „Það er ekki spurning.“

Nýr meðferðarkjarni sparar sporin

Formaður sjúkraliða vonar að ásókn í starfið vaxi.

„Sjúkraliðar ganga um átta kílómetra á einni kvöldvakt. Með því að hugsa þjónustuna upp á nýtt má nýta handtökin betur í hag þeirra sjálfra, sjúklinga og spítalans,“ segir Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands. „Hönnun nýja meðferðarkjarnans sparar sjúkraliðum sporin.“

Hún segir bæði óþægilegt og mikið óhagræði í löngum vegalengdum sem nú þurfi að fara innan Landspítalans. „Sjúkraliðar eru dreifðir um allar koppagrundir í núverandi húsnæði spítalans.“ Þá sé bagalegt nú í Covid að skortur hafi verið á einangrunarrýmum.

„Sjúkraliðum hefur fundist erfitt að sinna fólki í einangrun. Vinnuumhverfið er mun þyngra en það þyrfti að vera. Við bindum miklar vonir við að það lagist til muna þegar aðbúnaðurinn og fyrirkomulagið verður sniðið að þörfum bæði starfsmanna og sjúklinga.“

Sandra segir um 600 sjúkraliða starfa á Landspítala og fleiri vanta. „Stéttin okkar er tekin að



Ljósmynd/gag

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir nýju bygginguna mjög til bóta.

reskjast og ljóst að margir munu helta úr lestinni á næstu tíu árum.“ Hún sjá fyrir sér að um leið og vinnuumhverfið verði notendavænna og sniðið að þörfum sjúklinga og starfsmanna, þar sem gert sé ráð fyrir nútíma hjálpartækjum og velferðartækni, verði ásókn í starfið örugglega meiri. „Það er því mikil eftirvænting eftir nýja meðferðarkjarninum meðal sjúkraliða.“

Nýr Læknagarður um leið og nýr spítali rís

Rektor Háskóla Íslands segir tækifærið nýtt til að stækka Læknagarð

Læknagarður, húsnæði heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands á Hringbrautinni, mun stækka um ríflega 9.000 fermetra. Verkefnastjórn uppbyggingarinnar verður í höndum NLSH ohf., í samstarfi við HÍ, og stefnt er að því að húsið verði tilbúið á sama tíma og nýi meðferðarkjarninn. Þetta segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands.

„Heilbrigðisvísindastarfið innan Háskólans er nátengt starfi spítalans. Við notum því tækifærið núna til að stækka Læknagarð og sameina heilbrigðisvísindasvið, sem er mjög dreift um bæinn, að mestu undir einu þaki í Landspítalaborpinu. Við teljum það mjög mikilvægt,“ segir rektor.

Starfsemin sé nú dreifð frá Hofsvallagötu í Vesturbænum til Vínlandsleiðar í Grafarholti, eða nánast milli enda borgarinnar frá vestri til austurs. „Það er því bæði tækifæri fyrir okkur og mikilvægt að byggja upp við spítalann. Bæði Landspítali og Háskólinn starfa að mörgu leyti sem órofa heild. Heilbrigðisvísindin



Ljósmynd/Kristinn Ingvarsson

Jón Atli Benediktsson rektor: „Nálægð Læknagarðs við Landspítala skiptir máli.“

eru að miklu leyti kennd á spítalanum eða í samstarfi við hann. Þótt fleiri greinar komi að samstarfi við spítalann eru heilbrigðisvísindin þar í forgrunni.“

Jón Atli segir að með því að NLSH ohf. byggi upp fyrir Háskólann takist að skapa samlegð í verkefnum. „Það hefur jákvæð hagræn áhrif sem skiptir verulegu máli, stytir leiðir og eflir samstarfið.“

Rektor segir ótvírætt að vísindastarf eflist við þessa uppbyggingu.

„Nálægð skiptir alltaf miklu máli. Rannsóknir á heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands eru afar mikilvægar. Þar leikur Landspítali stóra vægar og segja má að meginröksemdin fyrir því að byggja spítalann við Hringbraut sé landfræðileg nálægð við Háskólann. Þótt þetta séu sjálfstæðar stofnanir eru þær nátengdar og samofnar.“

Um 2.000 nemendur eru á heilbrigðisvísindasviðinu. „Þetta er því umfangsmikil starfsemi.“

Farið eftir 5.000 teikningum

„Nú eru hjólin farin að snúast. Þá verður ekki aftur snúið. Nú rís spítalinn,“ segir Sigríður Sigurðardóttir, sviðsstjóri hönnunarsviðs NLSH ohf. Undirbúningurinn sé vandaður sem skili sér í betri spítala, bæði litið til gæða og fjárhags.

Hátt í 5.000 teikningar fylgja nýja meðferðarkjarnanum. Sigríður segir þúsundir teikninga einnig fylgja rannsóknahúsi, bílastæðahúsi, götum, veitum og umhverfi sem og nýbyggingu Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

„Allt er undir, allir innviðir,“ segir Sigríður. Við þessa framkvæmd rúmlega tvöfaldist húsakynni á lóð Landspítalans. Stefnt er að því að hönnun á meðferðarkjarnanum ljúki í sumar sem og verklýsingum. Jarðvinnan fyrir rannsóknahúsið hefjist fyrir en varir og þá reikni hún með að bílastæða- og tæknihúsið fari í alúttboð fljótlega. „Þar var haldið forval og fyrir liggur hverjir taka þátt í útboðinu.“

Sigríður bendir á að með nýja meðferðarkjarnanum klárast ekki uppbygging Landspítala. Enn sé pláss við Hringbraut. „Svo má ekki gleyma því að það á eftir að vinna með eldri byggingarnar. Þessar byggingar eru á staðnum og hægt að finna þeim nýtt líf. Það er verið að breyta og bæta á lóðinni sjálfri og við höfum því bent á að það verður að horfa á allt svæðið. Þetta er eins og þorp í borginni,“ segir hún.

„Jú, við erum mjög stolt,“ svarar hún aðspurð. „Þetta verður allt annað umhverfi fyrir sjúklinga og starfsmenn. Allt annar heimur en þau eru vön.“ Heilbrigðiskerfið stígi nú inn í nýja tíma.



Sigríður Sigurðardóttir, sviðsstjóri hönnunarsviðs NLSH ohf., segir nýja meðferðarkjarnann byltingu.

„Allir ferlar, tæki og aðbúnaðurinn. Allt umhverfið. Þetta verður algjör bylting.“ Hugað sé að svo mörgu sem ekki hafi verið hægt á gamla spítalanum. „Hvernig mun sjúklingnum líða? Hver er aðstaða gesta? Starfsmanna? Nú er tækifæri til að hugsa á nýjan hátt.“

Sigríður er sannfærð um að landsmenn

eigi eftir að verða ánægðir með byggingarnar. „Ég veit að við munum sameinast um nýtt þjóðarsjúkrahús.“ En trúir hún að starfsemi spítalans verði komin í það huf sem stefnt er að 2025-26?

„Já,“ svarar hún afdráttarlaust. „Við vinnum hörðum höndum að því, það eru allir með.“

Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðherra 1995-2001

Gjörbylting rétt eins og Barnaspítalinn var

„Ég vænti þess að nýr Landspítali verði gjörbylting fyrir bæði þau sem þurfa á þjónustu að halda og allt starfsfólkið sem þarna vinnur,“ segir Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.



Hún segist hafi vænt meiri framkvæmdahraða á nýjum spítala eftir að fólki varð ljós ávinningurinn af Barnaspítala Hringbraut, sem vígður var í janúar 2003. Ingibjörg var ráðherra þegar spítalarnir í Fossvogi og við Hringbraut voru sameinaðir um aldamótin. Hún var í fyrstu staðarvalnefndinni fyrir nýja spítalann árið 2002. Þá varð Hringbrautarsvæðið fyrir valinu. Hún segir mikilvægt um leið og þjóðarsjúkrahúsið rís að horfa til næstu skrefa.

„Það er mjög mikið atriði og mikilvægt að láta þau skref ekki verða eins seinfarin og orðið hefur á Hringbrautinni. Mikilvægt er að menn sameinist um þau sem ákveðin hafa verið og forðist hnúttukast. Öll gagnrýni er góð en þegar búið er að taka ákvörðun á ekki að láta stranda á tuði,“ segir hún og horfir til heimsfaraldursins nú.

„Ég held ég hafi hugsað vikulega um hve gott væri að hafa nýjan spítala nú í faraldrinum. Já, ég trúir því að ávinningur nýs spítala verði meiri en nokkur getur ímyndað sér.“

Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra 2017

Þurfum að losna við bútasauminn

„Stór breyting er að fá spítalann af draumastíg-inu og á raunverulegt stig,“ segir Óttarr Proppé, sem var heilbrigðisráðherra árið 2017. Þörfin á nýjum spítala kristallist í Covid-faraldrinum þar sem skort hafi einangrunardeildir.



„Ekki að það hafi ekki gengið vel en við sjáum svo vel hversu auðveldara og skilvirkara starfið hefði verið á nýju sjúkrahúsi. Það er áminning um að umhverfi spítalans skiptir máli og að nauðsynlegt er að uppfylla þarfir og kröfur nútímans.“ Hann vænti þess að auðveldara verði að bregðast við óvæntum uppakomum í framtíðinni. „En einnig að spítalinn verði losaður undan þeim mikla bútasaumi sem er í starfsemi; sem er nú nógu flókin fyrir.“

Óttarr segir okkur flest hafa beina eða óbeina reynslu af heilbrigðiskerfinu. „Við þekkjum því hvað aðstaðan er misgóð.“ Þótt hann hafi þekkt vel til sem ráðherra hafi sithvað komið á óvart. „Þá helst hvað mikið af starfsemi hefur verið keyrt á miklum afköstum, sem gerir hana viðkvæmari fyrir áföllum.“

Óttarr segir meðferðarkjarnann fyrsta stóra skrefið í miklu stærri áformum. „Við vitum að við þurfum að huga strax að framhaldinu.“ Hann horfi til göngudeilda og á síaukna þörf geðsúðsins.

„Þessi uppbygging endurspeglar áratuga átök. Það er því ekki seinna vænna að plana framtíðina og styrkja aðrar stofnanir. Bæði víðar á landinu og til hliðar og samhliða sterkum Landspítala.“

Lífið heldur áfram og við þurfum að horfa til framtíðar

„Ég hef oft verið við dauðans dyr en er með fullkomið traust á starfsfólki spítalans,“ segir Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga. Lykilatriði sé hins vegar að komast hratt og vel á spítala.

Það gleymist oft að þakka heilbrigðisstarfsfólki sem sinnir okkur sjúklingum. Við erum útskrifuð og þegar við förum getum við oft ekki sagt takk við neinn. Þakklæti er efst í huga þegar við höfum verið endurlífuguð og okkur komið í göngustand. Við dýrkum starfsfólkið og treystum því 100%. Það á skilið að vinna á nútíma-sjúkrahúsi,“ segir Ásgeir, sem fékk fyrsta hjartaáfallið aðeins 35 ára gamall. Hann segir mikilvægt að nýi meðferðarkjarninn rísi hratt og vel.

„Svo er nauðsynlegt að hugað sé strax að næstu skrefum í enn frekari uppbyggingu þegar meðferðarkjarninn er risinn. Það verður margt mjög gott þarna en draumur okkar hjartasjúklinga er að sækja alla þjónustu á einn stað með góðu aðgengi, einnig göngudeildarþjónustu.“

Hann lýsir því þegar hann fékk hjartaáfallið. „Ég datt niður dauður 11. maí 1992, fékk hjartaáfall og -stopp margsinis og var ekki hugað líf í töluverðan tíma. Ég var mjög ungur og helgaðist áfallið aðallega af því að ég reykti mikið en stundaði þó fótbolta af fullum krafti fram að hjartaáfallinu. Menn skildu ekki úthaldið og þrekið en svo kom þetta eins og fallinn eldur,“ segir hann.

„Ég líki þessu við handsprengju. Sumir eru með pinnann hálfan í. Aðrir hafa misst hann úr. Þess vegna koma heilsufarsskimanir sér vel og við finnum þessa einstaklinga sem þarf að meðhöndla.“



Ásgeir Þór Árnason, framkvæmdastjóri Hjartaheilla, landssamtaka hjartasjúklinga, segir mikilvægt að komast hratt og vel að spítalanum í neyð.

„Við verðum að klára meðferðarkjarnann og koma honum í gagnið en um leið að huga að næstu skrefum.“

Hjartasjúkdómur liggur í móðurætt Ásgeirs og fjölskyldu. „Ég missti son minn Ágrúst sem var 39 ára úr hjartaáfalli hinn 12. mars 2018. Ekkert foreldri ætti að upplifa það en svona er lífið,“ segir þessi fimm barna faðir. Hann nefnir að sonur hans hafi lýst mikilli þreytu í aðdragandanum, enda unnið mikið sem veitingamaður í Vestmannaeyjum. Hann hafi farið með varnaðarorðin í eyru sonarins. En erfitt sé að trúa því að eitthvað hendi. Ættarsagan hafi hins vegar verið rakin með genarannsóknunum.

„Það er svo mikilvægt að þekkja ættarsögu sína. Vita hvað kom fyrir ömmu, afa, pabba og mömmu. Við kjarnafjölskyldan sem og systkini mín erum öll undir eftirliti,“ segir hann og hvernig hann og sex systkini glími öll við hjartasjúkdóma. „Við hjónin eigum 12 barnabörn og þau eru eins og börnin okkar öll meðvituð um hjartasjúkdóma í ættinni.“

Ásgeir segir væntingar sínar miklar með nýja meðferðarkjarnanum, sem er hið nýja þjóðarsjúkrahús.

„Það er óds manns æði að gera sum gömlu húsin upp,“ telur hann og að undir einu þaki megi nýta mannskapinn betur. „Við erum í þeirri aðstöðu að við verðum að klára meðferðarkjarnann og koma honum í gagnið en um leið að huga að næstu skrefum og byggja meira upp til framtíðar. Ég er spenntur fyrir þessu skrefi og að sjá hvert það leiðir okkur.“

Spítali á heimsmælikvarða

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, segist spenntur þegar hann horfir ofan í gríðarstóran grunninn fyrir nýja spítalann. Hann viti að þar rísi háklassaspítali. Hann segir nýja meðferðarkjarnann ekki dýra heldur hagkvæma leið til að bæta heilbrigðisþjónustu landsmanna.

Það er engin spurning að breytt umhverfi og verkferlar í nýja meðferðarkjarnanum og öðru nýju og endurnýjuðu húsnæði munu bjarga mannlífum. „Þetta segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans. Mörg rök séu fyrir því. „Til dæmis að bráðastarfsemin verður á einum stað. Það sparar ekki aðeins legudaga og tíma heldur kemur í veg fyrir áhættusama flutninga á bráðveiku fólki,“ segir hann. „Oft höfum við þurft að fara fjalla-baksleið við að gera rétta og örugga hluti í allt að 100 ára gömlum búta-saumuðum spítala.“ Hann segir að það geti skipt sköpum að hafa full-nægjandi fjölda gjörgæslurýma. „Það dregur úr hættu á sýkingum á spítalanum að hafa einbýli fyrir veikustu sjúklingana, þar sem allt er hannað með nýjustu sýkingavarnir í huga.“ Nýi spítalinn geri Ísland samkeppnishæft um starfsfólk.

„Heilbrigðisstarfsfólk er að miklu leyti hugsjónafólk. Það skiptir máli að vinna við góðar aðstæður svo að þjónustan sé sem best. Það skilar sér í betri heilsu landsmanna.“

Hann segir suma telja að þessi nýja bygging sé dýr. „Ég er ekki sammála því. Allur rekstur heilbrigðisþjónustu er mjög kostnaðar-samur. Kostnaðurinn við að byggja nýja meðferðarkjarnann er rétt rúmlega rekstrarkostnaður Landspítalans á ári eða um 80 milljarðar



Páll Matthíasson forstjóri Landspítala segir að þetta einstaka tækifæri til að byggja hágæðasjúkrahús hafi verið vel nýtt. Bygging nýja spítalans sé hagkvæm leið til að bæta þjónustuna.

„Það skiptir máli að vinna við góðar aðstæður svo að þjónustan sé sem best. Það skilar sér í betri heilsu landsmanna.“

króna. Þótt það sé miklir peningar þá er þetta ekki dýr heldur hagkvæm leið til að bæta þjónustuna.“

Páll segir öflugt notendasamráð við hönnunina tryggja gæði þjónustunnar. „Markmið okkar er að spítalinn sé á heimsmælikvarða.“ Samstarfið hafi verið til fyrirmyndar. Arkitektar hafi fylgst náið með fjölmennum vinnustofum heilbrigðisstarfsfólks. „Peir gripu hugmyndirnar sem komu fram fyrir fullnaðarhönnunina.“

Páll segir því að þetta einstaka tækifæri til að byggja hágæðasjúkrahús hafi verið vel nýtt. „Svona tækifæri gefst ekki einu sinni á mannsaldri. Venjulega erum við að laga okkur að gömlu úreltu húsnæði og vinnulagið mótast af því. En þegar byggt er frá grunni gefst tækifæri til að endurmeta alla starfsemina.“ Starfsfólk hafi lagt sig fram um að betrubæta alla ferla. Hann segir fólk munu verða stolt af nýja meðferðarkjarnanum, rannsóknahúsinu, öðru endurnýjuðu húsnæði og íslensku heilbrigðiskerfi. „Já, ekki vafi.“

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra 2001-2006

Mikilvægt að vera vel búin fyrir vandasöm-ustu tilfelli



„Meðferðarkjarninn gerir Landspítala að glæsilegum vinnustað,“ segir Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra á árunum 2001-2006. Hann segist fylgjandi því að heilbrigðisstarfsfólk fari utan til náms og komi með þekkinguna heim. Það komi frekar sé aðstaðan fyrsta flokks.

„Spítalinn er endastöð í heilbrigðiskerfinu og tekur erfiðustu og vandasömstu tilfelli. Það er því nauðsynlegt að hann sé búinn fyrsta flokks tækni.“ Jón hefur beðið lengi eftir uppbyggingunni en hann var sá ráðherra sem setti spítalann, í fyrsta skipti, á teikniborðið.

„Einhvers staðar er til sjónvarpsviðtal við mig þar sem ég sagðist vona að uppbyggingunni yrði lokið árið 2008,“ segir hann spökur og rifjar upp hvernig nýta átti andvirði sölu Símans í spítalanum. „En þau áform urðu hrininu að bráð.“

Hann segir að samkvæmt fyrstu áætlunum hafi verið gert ráð fyrir að nýta meira landsvæði en deilur og skoðanaskipti um staðarvalið hafi haft áhrif. „Þetta er háskólaspítali og hluti af háskólanum. Þannig að mér fannst staðurinn góður og hef ekki skipt um skoðun á því.“ Umræðan hafi verið hávær. „En ég tók eftir því að það voru aðallega umferðarmál en ekki heilbrigðismál sem stóðu þar upp úr.“

Jón horfir björtum augum til framtíðar. „Við megum þó ekki gleyma því að heilsugæslan og önnur sjúkrahús gegna afar veigamiklu hlutverki í heilbrigðiskerfinu.“ Fjöl-breytt rekstrarform megi skoða en hann bauð sem ráðherra út rekstur heilsugæslunnar í Salahverfi.

„Aðalatriðið er að jafn aðgangur sé fyrir alla á sambærilegu verði,“ segir hann. „Heilbrigðisþjónusta verður að mínu mati að vera þannig að það séu ekki forrættindi þeirra sem betur eru stæðir að njóta hennar.“

Blóði og sýnum skotið um rör á nýja spítalanum

Róbótar og sjálfvirkni, segja verkfræðingarnir Ingólfur Þórisson og Gísli Georgsson sem starfa báðir hjá NLSH ohf. við uppbyggingu nýja Landspítalans.

Blóði frá Blóðbankanum verður skotið beint á skurðstofur um rörakerfi nýja þjóðarsjúkrahússins. Kerfið sparar mörg sporin og tíma, fækkar mistökum við flutning og verður einnig nýtt til sjálfvirkra lyfjaflutninga. Þetta segja þeir Ingólfur Þórisson, sviðsstjóri þróunarviðs NLSH, og Gísli Georgsson, verkfræðingur á hönnunarsviði NLSH. Samninga-viðræður um kerfið eru hafnar við Aerocom Norge AS.

Peir lýsa því hvernig líkja megi þessu við metrö-lestarkerfi, þar sem hylkjum sé skotið frá einum stað til annars. Starfsmenn hlaupi því ekki með sýni og blóðpoka milli herbergja og húsakosts spítalans.

„Þetta er allt tölvustýrt,“ segir Ingólfur. Gísli segir að hægt verði að taka sýni úr sjúklingi og fá svar á 10-15 mínútum í stað klukkustunda áður. Ný norræn háskólasjúkrahús nýti kerfi sem þetta og séu fyrirmyndin.

Gísli segir allan flutning skráðan, sem auki öryggið. Þá sé allt lagerhald á lyfjum einfaldara. „Ekki þarf að vera með lyfjalagana víða um spítalann heldur verður hann á einum stað.“ Peir segja meiriháttar möguleika á hagræðingu og hraðari afköstum innan spítalans sjúklingum til hagsbóta. „Það væri óhugsandi að taka kerfið ekki inn,“ segir Ingólfur.

Peir Gísli og Ingólfur hafa fylgst með tæknibyltingunum í kringum spítalalífið síðustu áratugi. Alltaf þurfi að huga að tækninýjungum. Stöðnun sé ekki í boði. „Við þurfum að halda áfram að þróa vinnuumhverfið í sam-



Hér má sjá rörakerfi uppsett á Skejby háskólasjúkrahúsinu í Árósum. Kerfinu er lýst sem metrö-lestarkerfi innanhússendinga á sjúkrahúsi og sparar mörg sporin.



Peir Gísli og Ingólfur hafa ríka reynslu af hönnun spítalans og að uppfæra tæknina innan hans.

ræmi við möguleikana sem eru í boði á hverjum tíma og leiða af sér meiri gæði og afköst.“

Peir eru spenntir fyrir nýja spítalanum. „Já, mjög,“ segir Ingólfur og Gísli tekur undir.

Mannshöndin snerti ekki óhreint lín eða sorp

Sjálfvirk vagnakerfi og róbótar flytja bæði sorp og lín í flokkunarstöð á nýja Landspítalanum sem nú rís við Hringbraut. Mannshöndin á hvorki að þurfa að snerta sorpið né línin á spítalanum.

„Óhreinu líni er skotið í língrindur í þvottahúsi um 50 cm breið rör og sorpið fer sína leið,“ segir Ingólfur Þórisson, sviðsstjóri hjá NLSH. „Með þessu kerfi flytjum við ekki rusl eftir göngum spítalans, sem minnkar smithættu. Eins verður ásjáðin betri.“

Sjúkrahótelið eitt vinsælasta hótél landsins

Á sjötta þúsund sjúklingar og aðstandendur þeirra hafa gist á sjúkrahótelinu við Landspítala frá því að það var opnað í maí 2019. Sólrún Rúnarsdóttir hótélstjóri segir að vel hafi gengið frá upphafi.

Þetta er eitt vinsælasta hótél landsins enda hefur síðasta ár verið sérstakt, því er ekki að neita, en það er ekkert annað hótél á landinu nánast fullbókað. „Sólrún segir almennt miðað við 80-85% nýtingarhlutfall, nema rétt um stórhátíðirnar og hásumarið. „Þetta árið hefur nýtingin verið yfir 90% og mest 96%. Það er afar gott.“ Þjónustukönnun hafi verið gerð. „Gestirnir eru mjög ánægðir.“

Nýja sjúkrahótelið er hluti af Hringbrautarverkefninu og fyrsta byggingin sem tekin er í notkun í tengslum við það. Það tengist kvennadeildarhúsi með undirgöngum og þar með öðrum starfs- einingum Landspítala við Hringbraut. Fólk sem þarf að sækja bæði meðferðir til sérfræðilækna „úti í bæ“ og á spítalann getur gist á hótelinu.

„Foreldrar með börn á vökudeild eða þeir sem bíða eftir fæðingu barna sinna eru meðal gesta. Einn-

ig þeir sem hafa sótt dagaðgerðir, eins og minniháttar litlar aðgerðir og hjartaþræðingar auk margra annarra gesta,“ nefnir Sólrún.

„Fyrir opnum hótelsins var stór hluti þeirra sem gista hjá okkur lagður inn yfir nótt. Núna kemur þetta fólk hingað og fer í endurkomu á spítalann daginn eftir og svo heim.“ Sólarhringsþjónusta sé á hótelinu.

„Hjúkrunarfræðingur er á vakt frá 8-23 á kvöldin og alltaf er starfsmaður í húsinu,“ segir hún.

„Við sinnum margs konar hjúkrunarmedferðum og hjálpum fólki á margan hátt. Það getur alltaf leitað til okkar og finnur öryggi í að vera hjá okkur.“

En er sparnaður fyrir spítalann af því að reka hótelið? „Þjónustan eykur framleiðnina. Það er því hægt að þjónusta fleiri,“ segir hún. Lengi hafi verið vitað að spítalinn væri of lítill. „Það skortir einbýli og annað og sjúkrahótelið leysir hluta þess vanda.“ Nýja sjúkrahótelið sé því merki um það sem koma skal



Sólrún Rúnarsdóttir, hótélstjóri sjúkrahótelsins, segir starfsmenn hótelsins sautján og hjálpi þeir gestum þess dag og nótt.



Nýja sjúkrahótelið var tekið í notkun 2019. Það er hluti af Hringbrautarverkefninu á vegum NLSH og er fyrsta byggingin sem tekin er í notkun í tengslum við það.

„Við sinnum margskonar hjúkrunarmedferðum og hjálpum fólki á margan hátt. Það er öryggi í að vera hjá okkur.“

með öðrum nýjum byggingum sem unnið er að.

Sólrún segir þau sautján í klínísku starfi á hótelinu auk 6-8 í mótuneytinu. „Það er rekið sér.“ Hún segir afar ánægjulegt að sjá árangurinn af hótélrekstrinum. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt. Hjúkrun er alltaf skemmtileg. Ef maður hefur gaman af fólki er gaman að vinna á stað sem þessum.“

Við verðum stolt af nýja spítalanum

„Við höfum lengi horft á þetta verkefni með þá von í brjósti að við getum eignast nútímasjúkrahús sem mætir okkar helstu þörfum. Að við eignumst þjóðarsjúkrahús sem býður upp á alla aðstöðu fyrir sjúklinga og starfsfólk í landi sem vill vera fremst meðal þjóða,“ segir fjármálaráðherra.

Ég er viss um að við verðum stolt af spítalanum þegar hann er risinn,“ segir Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra. „Spítalinn er að verulegu leyti í gömlu úreltu húsnæði sem mætir illa þörfum nútímans og þörf á að vinna bug á því ástandi. Því miður hefur þetta verkefni verið of lengi að komast af hugmyndastigi til framkvæmda. Ástæðurnar eru margar og þá helst fjármálahrunið.“

Bjarni segir að fjármálakrisan árið 2008 hafi kennt landsmönnum margt. „Það er ekki hægt að segja að við séum í sambærilegri stöðu nú í heimsfaraldrinum og þá. Það var annars konar áfall og aðstæður á lánamörkuðum allt aðrar. En viðbragð okkar á þeim tíma var að slá á frest öllum framkvæmdum á innviðum auk þess sem ríkisútgjöld voru lækkuð.“ Nú sé

„Þetta er stærsta einstaka ríkisframkvæmd sem við höfum ráðist í síðari ár.“

önnur leið farin. „Nú beitum við ríkisfjármálunum og þeim styrk sem við getum sótt þangað til að veita mótvægi.“ Bjarni segir að þegar horft sé til baka finnist honum fjárfestingastig ríkisins hafa verið fulllát. Yfirsýnin hafi hins vegar aukist. Ríkið yti því ekki vandanum á undan sér heldur takist á við hann. Þess vegna hafi ekki komið hik á ríkisstjórnina að fylgja eftir uppbyggingu Landspítala. „Þetta er stærsta einstaka ríkisframkvæmd sem við höfum ráðist í síðari ár.“

Bjarni segir að þjóðhagslegur sparnaður felist fyrst og fremst í því að auka afköstin. „Ég sé ekki fram á að við séum að draga úr fjárheimildum til sjúkrahússtarfsmanna vegna þessarar uppbyggingar heldur er kannski nær að tala um að útgjöldin muni vaxa hægar vegna þess að afköstin eru að aukast,“ segir hann.

„Við bindum vonir við að eignast hér nútímalegt sjúkrahús sem mætir þörfum landsmanna. Þar sem skilvirkni og öryggi haldast í hendur.“



Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra segir að hann telji nýtt þjóðarsjúkrahús við Hringbraut ekki verða til þess að ríkið dragi úr fjárframlögum til spítalans heldur vaxi útgjöldin hægar en ella.

Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra 2009-2010

Margháttaður ávinningur af nýjum spítala

„Ávinningurinn af nýjum spítala verður margháttaður: Betri aðbúnaður sjúklinga, betri vinnuástanda fyrir starfsmenn og nægt rými fyrir ný greiningar- og meðferðartæki. Auk þess verður betri kennslu- og námsaðstada fyrir þær fjölmörgu heilbrigðisstéttir sem á hverjum degi eru í Landspítala,“ segir Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra á árunum 2009-2010.



Álfheiður Ingadóttir

Hún segir að nýr spítali muni geta veitt öruggari þjónustu á öllum sviðum. „Það er aðalatriði. En hitt skiptir líka miklu máli að með nýjum spítala eru fimm bráðadeildir sameinaðar á einum stað og einnig fjölmargar aðrir deildir og starfsstöðvar sem nú eru á einum 17 stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta mun skila mikilli fjárhagslegri hagræðingu og ljóst að framkvæmdakostnaður við nýja meðferðarkjarnann mun skila sér í sparnaði á þó nokkrum árum.“

Álfheiður hrinti af stað samkeppni um skipulag Hringbrautarsvæðisins árið 2010 og gekk frá samkomulagi um frumhönnun nýbygginga á svæðinu við sigurvegarana, Spítal-hópin. Þjóst hún við að uppbygging spítalans tæki svo langan tíma?

„Verkið hefur gengið vel og miðað örugglega að mínu mati allt frá því ríkissjóður rétti úr kútnum í kjölfar hrunsins,“ segir hún. „Ég átti ekki von á því að Róm yrði byggð á einum degi. Aðalatriðið er að þetta verkefni mun klárast og við fáum nýjan spítala. Það hefur aldrei verið bakkgrí í þessu verkefni.“



Gunnar Svavarsson,
framkvæmdastjóri NLSH ohf.

Kærleiksríkir bakþankar

Á lokasíðunni er alla jafna litlu við að bæta, en svo er ekki í verkefnum Nýs Landspítala ohf. Uppbygging nýja þjóðarsjúkrahússins er á fullri ferð.

Þessa dagana er aðallega spurt um þrennt; sóttvarnir og jarðskjálfta, en í þriðja lagi hvernær allt verði tilbúið. Þær spurningar koma frá þeim sem hyggjast nýta sér þjónustuna en ekkert síður starfsmönnum eða háskólanemendum sem geta ekki beðið eftir að hefja störf í nýjum og nútímalegum byggingum sem kallast á við það nýjasta sem er að gerast í heilbrigðisævni. Eftirvæntingin er mikil hjá öllum.

Allt aftur til vorsins 2019 hafa stjórnvöld verið að móta og endurrýna heildarskipulag uppbyggingar framkvæmda við Landspítala. Þær breytingar kalla ekki á neinar tafir þeirra miklu framkvæmda sem eiga sér stað við Hringbraut, heldur horfa til mun fleiri staðreynda í framtíðarrekstri spítalans. Almennt má segja að spítalinn sé rekinn í nær hundrað húsum. Það er því mikilvæg áskorun fyrir stjórnvöld og alla hagaðila að ná fram samlegðar- og hagkvæmniahrifum við uppbygginguna.

Í nýrri fjármálaáætlun Alþingis segir að taka þurfi afstöðu til þess hvernig nýta eigi eldri byggingar og búnað í samræmi við skilgreinda heilbrigðisstefnu stjórnvalda og þá þróun sem vænta má að verði á eðli og fyrirkomulagi heilbrigðisþjónustu, verkaskiptingu stofnana og rekstri sjúkrahúsa á næstu áratugum. Tekin hefur verið ákvörðun um að endurskoða umfang og skipulag fjárfestinga og framkvæmda í því skyni að styrkja heildarsýn og til að tryggja skýra forgangsröðun og góða nýtingu fjármuna.

Þetta nýja skipulag verkefnisins felur í sér umtalsverðar breytingar á hlutverka- og ábyrgðarskiptingu þeirra fjölmörgu aðila sem að verkefninu hafa komið. Mestar verða breytingarnar hjá NLSH ohf., sem fær víðtækari verkefni og aukna ábyrgð. Innan ramma félagsins er nú unnið að því að móta verkefnaskipulag sem byggist á viðurkenndum viðmiðum um skipulag viðamikilla umbreytinga- og framkvæmdaverkefna. Verk og ábyrgðarskil stýrihóps heilbrigðisráðuneytisins undir stjórn Unnar Brár Konráðsdóttur og stjórnar er skýrt, en stjórn NLSH ohf. annast og ber ábyrgð á framkvæmd á grundvelli stefnu og forsendna stýrihópsins.

Allar breytingar eru hreyfiafl og NLSH ohf. er með virka aðgerðaáætlun um það hvernig skrefin eru tekin áfram jafnt og þétt, hvernig hægt er að bæta við sig verkefnum, styrkja innviðina og um leið veita þeim stóru verkefnum sem þegar eru á fullri ferð gott aðhald á einu eða annan hátt. Stjórn og starfsmenn NLSH ohf. hafa tekið þessari hvatningu einum rómi og vinna samstíga í að láta verk-in sýna merkin, þar sem gerð og orð fara saman.

Munum öll að „lífíð er kærleikur“.



Nýtt þjóðarsjúkrahús allra landsmanna

Á næstu árum verður unnið af fullum krafti að byggingu á nýjum meðferðarkjarna, nýju þjóðarsjúkrahúsi, sem tekið verður í notkun árið 2025-2026. Uppsteypa er hafin. Sjúkrahúsið verður táknmynd fyrir nýja tíma. Það stendur undir þeirri ábyrgð að vera sjúkrahús allra landsmanna.



Sjúklingar og starfsfólk taki öruggari skref á nýjum spítala

Landlæknir segir meðferðarkjarnann sem rís við Hringbraut styðja við heilbrigðisstefnu stjórnvalda. Fólk sé í forgrunni og aðstaðan þannig að starfsfólk spítalans þurfi ekki að hlaupa hraðar en þörf krefur.

Ég sé fram á aukið öryggi og að færri atvik komi upp í nýjum spítala, atvik sem kosta bæði þjáningu og fjármuni,“ segir Alma D. Möller landlæknir. „Ég sé fram á að einbýli og fleiri snyrtingar leiði til færri sýkinga og þar með sem lið í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi. Ég sé einnig fram á færri lyfjatengd atvik, færri byltur sjúklinga. Ég geri ráð fyrir fækkun ýmissa atvika sem tengjast þrængslum og því að þjóða sjúkrahúsþjónusta á mörgum stöðum.“

Landlæknir segir fyrir löngu kominn tíma til að byggja nýtt sjúkrahús. Hún hafi skrifað fyrstu grein sína um það árið 2007. „Þá þegar fannst mér húsnæði spítalans vera ófullnægjandi.“ Hún tjáði sig einnig sem yfirlæknir gjörgæsludeildar Landspítala við Hringbraut árið 2012. Þá sagði hún aðstöðuna óviðunandi og óhagkvæmt að reka spítalann á mörgum stöðum. „Gamla húsnæðið okkar er bæði þröngt og óhentugt, en líka orðið lélegt,“ sagði hún þá.

Leiði til betri árangurs og meiri gæða

Nú segir hún að heilt yfir telji hún að bygging meðferðarkjarna sem og tilkoma annarra bygginga sem fyrirhugaðar séu leiði til betri árangurs og meiri gæða. „Í mörgum erlendum skýrslum er áætlað að hægt sé að nýta betur um 20% fjármuna í heilbrigðisþjónustu. Ég tel að þegar



Ljósmynd/gag

Alma D. Möller landlæknir segir mikilvægt að halda áfram uppbyggingu þjóðarsjúkrahússins við Hringbraut þegar meðferðarkjarninn sé risinn.

„Ég sé fram á aukið öryggi og að færri atvik komi upp í nýjum spítala, atvik sem kosta bæði þjáningu og fjármuni.“

þjónusta verður sameinuð í meðferðarkjarna og búið að besta ýmsa verkferla fáist betri nýting á fjármagni.“

Landlæknir segir mikilvægt að

halda áfram uppbyggingu þjóðarsjúkrahússins við Hringbraut þegar meðferðarkjarninn sé risinn. „Ljúka við þær byggingar sem þegar eru áætlaðar. Þar skiptir miklu að fjölga leguþlássum og bæta göngudeildaraðstöðu.“

Hún segir að meðferðarkjarninn styðji vel við heilbrigðisstefnu stjórnvalda. „Það verður auðveldara að stjórna og samhæfa þegar starfsemi er sameinuð,“ segir hún og vísar einnig í stefnuna um rétta þjónustu á réttum stað.

„Uppbygging hátæknimeðferðar verður auðveldari þannig að hægt verður að koma við bæði minni og flóknari inngripum. Til dæmis með fleiri skurðstofum með róbótum og svokallaðri hybríðstofu; það verður auðveldara að koma við hvers kyns tæknijungum.“

Fullkomin smitsjúkdómadeild

Hún bendir á að gjörgæsla verði öll á einum stað sem og skurðstofur. „Þá verður í kjarnanum fullkomin smitsjúkdómadeild sem hefsti nú komið sér vel í heimsfaraldri Covid-19. Helstu legudeildir verða í sama húsi og sjúkrahótel innan seilingar.“ Með framtíðaruppbyggingu göngudeildarþjónustu verði auðveldara að veita þverfaglega meðferð við langvinnum sjúkdómum og beita tækni til að styðja við starfsemi. „Það er gríðarlega mikilvægt til framtíðar.“

Hún bendir einnig á að í meðferðarkjarnanum sé fólkið í forgrunni. Byggt sé utan um það, sem bjóði upp á betri ferla. „Því þarf fólk ekki að hlaupa hraðar heldur getur tekið færri skref.“ Vinnustaðurinn verði bæði heilsuefandi og öruggur fyrir starfsfólk sem geti á móti boðið gæðþjónustu rétt eins og lagt sé upp með í heilbrigðisstefnunni. Alma hugsar til framtíðar.

„Minni inngrip. Styttri legutími. Flóknari inngrip með betri árangri. Meðferðarkjarninn er skref í átt að betra heilbrigði okkar landsmanna.“